



## Halli á viðskiptum við útlönd í fyrsta sinn síðan 2012

Á síðasta ári var 90 ma.kr. halli á viðskiptum við útlönd. Þetta var mun lakari niðurstaða en árið á undan þegar um 24 ma.kr. afgangur mældist. Þrátt fyrir þetta batnaði erlend staða þjóðarbúsins um 315 ma.kr. (9,4% af VLF) á árinu.

Samkvæmt nýbirtum tölum frá Seðlabanka Íslands var 90 ma.kr. halli á viðskiptum við útlönd í fyrra. Þetta er mun lakari niðurstaða en árið á undan þegar 24 ma.kr. afgangur mældist. Alls var niðurstaðan 114 mö.kr. lakari en 2020.

Viðskiptajöfnuðurinn í fyrra skiptist þannig að:

- Hallinn af vöruskiptum var 164 ma.kr. og jókst um 72 ma.kr. milli ára.
- Afgangurinn af þjónustuviðskiptum var 95 ma.kr. og jókst um 25 ma.kr. milli ára.
- Afgangurinn af frumþáttatekjum var 12 ma.kr. og dróst saman um 59 ma.kr. milli ára.
- Hallinn af rekstrarframlögum var 32 ma.kr. og jókst um 8 ma.kr. milli ára.


Til frumþáttatekna teljast fjármagnstekjur og gjöld, svo sem vaxtagreiðslur, arðgreiðslur og slíkt. Stærstu liðirnir í frumþáttajöfnuði 2021 voru:

- Tap innlendra dótturfélaga í eigu erlendra aðila var 7 ma.kr.<sup>1</sup> sem er 63 ma.kr. minni tap en 2020.
- Hagnaður erlendra dótturfélaga í eigu innlendra aðila var 26 ma.kr. sem er 4 ma.kr. minni hagnaður en 2020.
- Vaxtagreiðslur af verðbréfum og annarri fjárfestingu til erlendra aðila voru 21 ma.kr., 5 ma.kr. lægri en 2020.


Bætt afkoma innlendra dótturfélaga í eigu aðila er að miklu leyti til komin vegna bættrar afkomu álfyrirtækjanna, en heimsmarkaðsverð á áli var að meðaltali tæplega 45% hærra 2021 en 2020 (2.485 USD/tonn í stað 1.730 USD/tonn).

Hafa ber í huga að flæði á gjaldeyri inn eða út úr landi þarf alls ekki að fylgja þáttatekjujöfnuði. Sérstaklega má nefna að tap innlendra dótturfélaga í

### Viðskiptajöfnuður



### Frumþáttatekjur



<sup>1</sup> Tap innlendra dótturfélaga í eigu erlendra aðila kemur til hækkunar á þáttatekjujöfnuði og hagnaður kemur til lækkunar.



eigu erlendra aðila, sem kemur til hækkunar á frumþáttatekjum, er að mestu leyti bókfært tap eða útreikningar á því tapi.

### **Fyrsta sinn síðan 2012 sem halli mælist á viðskiptum við útlönd**

Þetta var í fyrsta sinn síðan árið 2012 sem halli mælist á viðskiptum við útlönd. Alls var því samfelldur afgangur í 8 ár og var heildarafgangurinn á þessu tímabili 960 ma.kr.

Ef við horfum fram hjá innlánastofnunum í slitameðferð var síðast halli á viðskiptum við útlönd árið 2011 og er heildarafgangurinn án innlánastofnana í slitameðferð þessi 9 ár 1.040 ma.kr.

### **Mun verri niðurstaða en við gerðum ráð fyrir í síðustu þjóðhagsspá**

Í þjóðhagsspá okkar frá október 2021 gerðum við ráð fyrir tæplega 20 ma.kr. afgangi 2021, þannig að þetta er verulega lakari niðurstaða. Munurinn skýrist meðal annars af því að ferðþjónustan tók ekki jafn vel við sér og við áttum von á. Þannig gerðum við ráð fyrir alls 720 þúsund erlendum ferðamönnum um Leifsstöð árið 2021, en talan varð 688 þúsund. Tekjur vegna farþegaflutninga jukust síðan minna en sem nemur aukningu ferðamanna. Ferðamenn eyddu heldur ekki jafn miklu og við gerðum ráð fyrir.


Þessu til viðbótar dróst álútflutningar saman, en við höfðum spáð óbreyttum útflutningi. Síðan kom til töliverður og óvæntur samdráttur í bæði gjöldum fyrir notkun hugverkaréttinda og menningar- og afþreyingarþjónustu. Þá jókst innflutningur mun meira milli ára en við áttum von á. Að lokum dróst tap innlendra dótturfélaga í eigu erlendra aðila meira saman milli ára en við áttum von á.

### **Erlend staða þjóðarbúsins batnaði um 315 ma.kr. á síðasta ári**

Samkvæmt mati Seðlabankans voru erlendar eignir þjóðarbúsins 5.099 ma.kr. í lok árs og erlendar skuldir 3.800 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 1.299 ma.kr. (40% af VLF) og batnaði um 315 ma.kr. (9,7% af VLF) á árinu.


Hér munar langmest um að erlend verðbréfaeign jókst um 591 ma.kr. á síðasta ári, sem er 27% aukning. Þar af jukust hlutdeildarskírteini um 505

### **Viðskiptajöfnuður**




Heimild: Seðlabanki Íslands

### **Erlend staða þjóðarbúsins**



Heimild: Seðlabanki Íslands

### **Erlend staða - breyting milli ársloka 2020 og 2021**




Heimild: Seðlabanki Íslands



ma.kr. en mjög stór hluti af erlendri fjárfestingu lífeyrisjóðanna er í hlutdeildarskírteinum.

Bætt erlend staða á síðasta ári þrátt fyrir halla á viðskiptum við útlönd kann að skjóta skökku við. Hér hjálpar til að það er misræmi í skiptingu erlendra eigna og erlendra skulda. Þannig vega hlutabréf og hlutdeildarskírteini mun þyngra í erlendum eignum en í erlendum skuldum, á meðan skuldabréf vega þyngra í erlendum skuldum.

### Erlendar eignir og skuldir þjóðarbúsins



1) Bein fjárfesting, hlutabréf og hlutdeildarskírteini  
2) Skuldaskjöl, lán og verðbréf í gjaldeyrisforða  
Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.